



HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

*Ministry of Health*

Vegmúla 3 IS-150 Reykjavík Iceland  
tel.: + (354) 545 8700 fax: + (354) 551 9165

postur@hbr.stjr.is  
ministryofhealth.is

**Reglugerð  
um (2.) breytingu á reglugerð nr. 213/2005 um lyfjagreiðslunefnd.**

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. kemur nýr málslíður sem orðast svo:  
Við ákvörðun hámarksverðs S-merktra lyfja, sbr. 1. mgr. 8. gr lyfjalaga nr. 93/1994, í heildsölu, tekur lyfjagreiðslunefnd að jafnaði mið af lægsta heildsöluverði í viðmiðunarlöndunum sem tilgreind eru í 1. mgr. 4. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 43. gr. og 49. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast gildi 1. maí 2010.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Verðákvæðanir skv. 1. gr. hafa ekki áhrif á verð S-merktra lyfja samkvæmt útboðssamningum heilbrigðisstofnana sem þegar eru í gildi við gildistöku reglugerðar þessarar.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 30. apríl 2010*